# Grunnskóli Snæfellsbæjar

Áhættumat – Nemendaskrá – 27.04.2018

# Skýrsla um áhættumat

- Þetta skjal inniheldur helstu niðurstöðu áhættumats sem Grunnskóli Snæfellsbæjar framkvæmdi hjá sér á formi sjálfsmat og skjalfesti í skjalinu *Sjálfsmatspurningar fyrir grunnskóla – Grunnskóli Snæfellsbæjar* frá 27.03.2018. Ábyrgð á framkvæmd sjálfsmatsins var í höndum Hilmars Más Arasonar, skólastjóra. Matið nær til upplýsinga óháð formi.
- Skjalið skiptist upp sem hér segir:
  1. Aðferðafræði áhættumatsins
  2. Samanteknar og sundurliðar niðurstöður teknar saman á hvern flokk upplýsinga sem tilgreindur er
  3. Samanteknar niður svara við spurningum
  4. Lokaorð
- Skjal þetta er útbúið af Marinó G. Njálssyni, sérfræðingi um upplýsingaöryggi og persónuvernd, oryggi@internet.is, og byggir alfarið á svörum skólans í sjálfsmatsskjali.

# Aðferðafræði áhættumats

- Skólinn fékk sent sjálfsmatsskjal með að hluta forútfylltum upplýsingum/upplýsingaflokkum og notendum/aðilum sem skiptum máli varðandi trúnað, réttleika og tiltækileika upplýsinganna/upplýsingaflokkanna
- Skólinn þurfti að yfirfara forskráðar upplýsingar, breyta til samræmis við stöðu skólans og bæta við ef þörf var á
- Skólinn skráði mat sitt á tímaviðkvæmni upplýsinga/upplýsingaflokka vegna tiltækileika upplýsinganna/upplýsingaflokkanna
- Skólinn skráði mat sitt á áhrifum rofs á trúnaði og réttleika og líkur á slíku rofi
- Skólinn svaraði að auki spurningum í sjálfsmatsskjalinu
- Ráðgjafi fór yfir niðurstöður, varpaði í áhættugildi og setti fram ábendingar

# Tímaviðkvæmni

- Skólinn var beðinn um að meta tímaviðkvæmni tiltækileika upplýsinga/upplýsingaflokka. Tímaviðkvæmninni er ætlað að skoða hve lengi notandi með heimild til aðgangs að upplýsingum/upplýsingaflokkum getur verið án slíks aðgangs án þess að það hamli notandann í því sem hann þarf að nota upplýsingarnar
- Tímaviðkvæmni er mæld sem hér segir:

| Gildi | Viðkvæmni | Lýsing | Litakóði |
|---|---|---|---|
| **1** | **Lítil** | Hefur óverulega truflun þó upplýsingar séu ekki aðgengilegar í meira en viku | |
| **2** | **Meðal** | Notandi þolir að missa aðgang að upplýsingum í 2 til 7 daga | |
| **3** | **Mikil** | Notandinn þolir að missa aðgang að upplýsingum í 8 - 48 tíma | |
| **4** | **Mjög mikil** | Notandi þolir að hámarki að missa aðgang að upplýsingum í 8 klst. | |

(Þýðing litakóða er útskýrð síðar)

# Áhrif

- Skólinn var beðinn um að meta áhrif af því sem mögulega gæti gerst yrði rof á trúnaði eða réttleika upplýsinga/upplýsingaflokka.  Áhrifin geta hvort heldur verið þau sem nemandinn yrði fyrir eða skólinn.
- Áhrif eru mæld sem hér segir (ítarlegri lýsingu er að finna í sjálfsmatsskjali):

| Gildi | Áhrif | Lýsing |
|---|---|---|
| **1** | **Lítil eða engin** | Minniháttar áhætta fyrir einstaklinginn.  Skólinn getur gripið til almennra aðgerða sem kosta lítið til að draga úr áhrifum |
| **2** | **Meðal** | Hófleg áhætta sem hefur neikvæð áhrif á einstaklinginn.  Skólinn getur gripið til sértækra aðgerða sem hafa kostnað í för með sér og getur krafist talsverð tíma |
| **3** | **Mikil** | Verulegu áhætta og hefur skaðleg áhrif á einstaklinginn.  Skólinn þarf aðstoð við að bregðast við afleiðingunum og gæti þurft að greiða einhverjar skaðabætur, auk sekta. |
| **4** | **Mjög mikil** | Umtalsverð áhætta sem hefur óbætanlegt tjón fyrir einstaklinginn.  Skólinn gæti þurft að greiða háar skaðabætur, auk hárra sekta. |

# Líkur

- Skólinn var beðinn um að meta líkur á rofi á trúnaði eða réttleika upplýsinga/upplýsingaflokka sem hefðu þau áhrif sem skólinn hafði áður metið.
- Líkurnar eru mældar sem hér segir:

| Gildi | Líkur | Lýsing |
| --- | --- | --- |
| **1** | **Litlar** | Gerist sjaldnar en einu sinni í mánuði |
| **2** | **Miðlungs** | Gerist sjaldnar en vikulega, en oftar en einu sinni í mánuði |
| **3** | **Miklar** | Gerist sjaldnar en daglega en oftar en einu sinni í viku |
| **4** | **Mjög miklar** | Gerist daglega |

# Áhættugildi

- Við úrvinnslu áhættumatsins er stuðst við litakóða til sýna áhættugildi hvers atriðis og þar með auðvelda þeim sem málin varða að átta sig á niðurstöðum matsins.  Taflan hér fyrir neðan sýnir tengsl litakóða og áhættugildis.

| Litur | Áhættugildi | Lýsing |
|---|---|---|
| | **Lítil áhætta** | Áhætta af atviki er metin minniháttar eða engin og ekki er þörf aðgerða til að bregðast við áhættunni. |
| | **Miðlungs áhætta** | Áhætta er til staðar og getur valdið einhverjum skaða.  Hægt er að draga úr henni með almennum öryggisráðstöfunum, þannig að hún færist niður á viðunandi stig. |
| | **Mikil áhætta** | Áhætta er mikil og getur valdið talsverðum skaða.  Nauðsynlegt er að beita sértækum öryggisráðstöfunum til að draga úr áhættunni og koma henni niður á viðunandi stig. |
| | **Mjög miklar áhætta** | Áhætta er það mikil að þrátt fyrir innleiðingu sértækra öryggisráðstafana verður eftirstæð áhætta óviðunandi.  Nauðsynlegt er að útbúa viðbragðsáætlun til að grípa til, ef afleiðingar atviks verða eins og áhættumat gefur til kynna að geti orðið. |

# Vörpun á áhrifum og líkum í áhættugildi

- Áhættugildi vegna rofs á trúnaði og réttleika er fundið út með því að finna litakóða upplýsinga/upplýsingaflokka í samræmi við þau gildi sem skólinn gaf.
- Áhættugildið ræðst af fylkinu hér fyrir neðan:



# Skipting áhættumatsins

- Áhættumatið skiptist í tvo hluta:
  - Mat á áhættu tengdum forskráðum og viðbættum upplýsingum/upplýsingaflokkum
  - Mat á áhættu tengdum atriðum sem sérstaklega er spurt um og svarað er með frjálsum texta
- Bæði atriðin geta átt við:
  - Tiltækileika upplýsinga:  Þ.e. að upplýsingar séu aðgengilegar heimilum notanda þegar þörf er.
  - Trúnað notenda: Þ.e. að skoða hvernig skráðir notendur umgangast trúnað upplýsinganna.
  - Trúnaðarbrestir óviðkomandi: Þ.e. að skoða hvort óviðkomandi geti komist í upplýsingarnar.
  - Réttleiki upplýsinga: Þ.e. hvort upplýsingar séu rétt skráðar og þeim ekki breytt viljandi eða óviljandi.

# Niðurstaða áhættumats – fyrri hluti Áhættumatstöflur

## Dreifing hæsta áhættugildis

| Áhættuflokkur | Fjöldi upplýsinga-flokka | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Tiltækileiki | 9 | 6 | 1 | 2 | 0 |
| Trúnaður – notendur | 9 | 7 | 2 | 0 | 0 |
| Trúnaðarbrestir – óviðkomandi | 9 | 6 | 3 | 0 | 0 |
| Réttleiki | 9 | 9 | 0 | 0 | 0 |

Sundurliðaðar niðurstöður fylgja hér á eftir.

# Tiltækileiki – sundurliðun síða 1

| Aðgangur: A: lesaðgangur; S: skráningar- og lesaðgangur, X: enginn aðgangur Tímaviðkvæmni: 4: mjög hátt; 3: hátt; 2: meðal; 1: lágt | Nemenda-spjaldskrá (Skjalaskápar) | | Skólaferill (Mentor) | | Námsár-angur (Mentor – skjalaskápar) | | Greiningar (Skjalaskápur – Yfirlitsblað) | | Heilsufars-upplýsingar (Skjalaskápur- „Einstök börn“) | | Sérkennsla (Skjalaskápur- Einstaklings-námskrár) | | Sérkennsla – fötlun (Skjalaskápur- Einstaklings-námskrár) | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hlutverk** | Aðg. | Tímav. | Aðg. | Tímav. | Aðg. | Tímav. | Aðg. | Tímav. | Aðg. | Tímav. | Aðg. | Tímav. | Aðg. | Tímav. |
| **Skrifstofa** | S | 3 | S | 1 | S | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 |
| **Stjórnendur** | S | 3 | S | 1 | S | 1 | S | 1 | S | 1 | S | 1 | S | 1 |
| **Umsjónarkennarar** | A | 3 | S | 1 | S | 1 | A | 2 | A | 1 | A | 1 | A | 1 |
| **Kennarar** | A | 2 | S | 1 | S | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 |
| **Verkefnastjóri stoðþjónustu** | S | 3 | S | 1 | S | 1 | S | 2 | S | 1 | S | 1 | S | 1 |
| **Námsráðgjafi** | A | 1 | X | | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 |
| **Þroskaþjálfi** | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 |
| **Foreldrar/forsjármenn** | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 |
| **Nemendur** | A | 1 | A | 1 | A | 1 | X | | X | | X | | X | |
| **Skólahjúkrunarfræðingur** | A | 1 | A | 1 | X | | A | 1 | S | 1 | X | | X | |
| **Skólasálfræðingur** | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 | A | 1 |
| **Áhættugildi flokks upplýsinga** | | | | | | | | | | | | | | |

# Tiltækileiki – sundurliðun síða 2

| Aðgangur: a: lesaðgangur;<br>s: skráningar- og lesaðgangur<br>Tímaviðkvæmni: 4: mjög hátt; 3: hátt; 2: meðal; 1: lágt | Dagbókar-skráningar „Olweus, atvikalýsingar, heilsufarsskr.“ (Skjalaskápur, trúnaðarmappa) | | Dagbók umsjónarkennara, sérkennara og skólastjórnenda (Eytt að vori) | |
|---|---|---|---|---|
| Hlutverk | Aðg. | Tímav. | Aðg. | Tímav. |
| Skrifstofa | A | 1 | S | 3 |
| Stjórnendur | S | 1 | S | 3 |
| Umsjónarkennarar | S | 1 | S | 3 |
| Kennarar | S | 1 | S | 3 |
| Verkefnastjóri stoðþjónustu | S | 1 | S | 3 |
| Námsráðgjafi | S | 1 | S | 3 |
| Þroskaþjálfi | S | 1 | S | 3 |
| Foreldrar/forsjármenn | A | 1 | X | |
| Nemendur | A | 1 | X | |
| Skólahjúkrunarfræðingur | A | 1 | X | |
| Skólasálfræðingur | A | 1 | X | |
| Áhættugildi flokks upplýsinga | | | | |

# Tiltækileiki - Ábendingar

- Tímaviðkvæmni aðgangs að upplýsingum nemendaskrár virðast að mati skólans almennt vera lítil.  Á þessu þær undantekningar að varðandi nemendaspjaldskrá og dagbók umsjónarkennara, sérkennara og stjórnenda er tímaviðkvæmnin talin mikil og rof á aðgangi umfram 8-48 tíma getur valdið verulegri truflun á störfum fjölmargra aðila.

- Huga þarf að því að nota fleira en eina leið til að nálgast upplýsingar með mestu tímaviðkvæmnina, t.d. að vista þær dulkóðaðar á sérstakri tölvu eða útprentaðar og geyma í læstum skáp milli þess sem upplýsingarnar eru notaðar.

- Nauðsynlegt er að skilgreina í vinnslusamningi við þjónustuaðila kröfur um aðgengi að kerfum yfir netið, hvenær þjónusturof getur átt sér stað vegna viðhalds kerfanna, að prófanir séu gerðar á nýju útgáfum eða kerfishlutum áður en breytingar eru uppfærðar í rekstrarumhverfi.

- Umfram það er vísað til  öryggisreglna sem tilgreinar eru í Reglubók og verklagsreglum sem henni fylgja.

# Trúnaður notenda – Sundurliðun síða 1

| Aðgangur: a: lesaðgangur;<br>s: skráningar- og lesaðgangur<br>Áhrif: 4: mjög mikil; 3: mikil;<br>2: meðal; 1: lítil<br>Líkur: 4: Daglega; 3: Vikulega;<br>2: Mánaðarlega; 1: Sjaldnar | Nemenda-spjaldskrá (Skjalaskápur) | | | Skólaferill (Mentor) | | | Námsárangur | | | Greiningar | | | Heilsufars-upplýsingar | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hlutverk** | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur |
| **Skrifstofa** | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 |
| **Stjórnendur** | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| **Umsjónarkennarar** | A | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 |
| **Kennarar** | A | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 |
| **Verkefnastjóri stoðþjónustu** | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| **Námsráðgjafi** | A | 1 | 1 | X | | | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 |
| **Þroskaþjálfi** | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 |
| **Foreldrar/forsjármenn** | A | 3 | 1 | A | 1 | 1 | A | 2 | 1 | A | 3 | 1 | A | 2 | 1 |
| **Nemendur** | A | 3 | 1 | A | 1 | 1 | A | 2 | 1 | X | | | X | | |
| **Skólahjúkrunarfræðingur** | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | X | | | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| **Skólasálfræðingur** | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 |
| **Áhættugildi flokks upplýsinga** | | | | | | | | | | | | | | | |

# Trúnaður notenda – Sundurliðun síða 2

| Aðgangur: a: lesaðgangur; s: skráningar- og lesaðgangur Áhrif: 4: mjög mikil; 3: mikil; 2: meðal; 1: lítil Líkur: 4: Daglega; 3: Vikulega; 2: Mánaðarlega; 1: Sjaldnar | Sérkennsla | | | Sérkennsla – fötlun | | | Dagbókar-skráningar | | | Dagbók umsjónarkennara, sérkennara og skólastjórnenda | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hlutverk | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur |
| Skrifstofa | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| Stjórnendur | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| Umsjónarkennarar | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| Kennarar | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| Verkefnastjóri stoðþjónustu | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| Námsráðgjafi | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| Þroskaþjálfi | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| Foreldrar/forsjármenn | A | 2 | 1 | A | 3 | 1 | A | 2 | 1 | X | | |
| Nemendur | X | | | X | | | A | 2 | 1 | X | | |
| Skólahjúkrunarfræðingur | X | | | X | | | A | 1 | 1 | X | | |
| Skólasálfræðingur | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | A | 1 | 1 | X | | |
| Áhættugildi flokks upplýsinga | | | | | | | | | | | | |

# Trúnaður notenda - Ábendingar

- Skólinn telur í þremur tilfellum meðaláhættu af trúnaðarbrestum heimilaðra notenda. Í öðrum tilfellum er áhættan talin lítil.
- Af þessu má draga þá ályktun að öryggisvitund notenda er almennt talin góð.
- Lagt er til að skólinn viðhaldi góðri öryggisvitund með því að veita notendum fræðslu um meðferð upplýsinga sem viðkomandi hefur aðgang að í nemendaskrá og mikilvægi þess að trúnaðar sé gætt.
- Mælt er með því að skólinn yfirfari reglulega aðgangsheimilir einstakra notendahópa til að tryggja að aðgangur þeirra að einstökum upplýsingaflokkum sé ekki annar en stefna skólans um aðgang segir til um.
- Að öðru leiti, varðandi reglur sem gilda um trúnað persónugreinanlegra upplýsinga, er vísað til Reglubókar, leiðbeininga nr. 1 fyrir starfsmenn um persónuvernd og upplýsingaöryggi og verklagsreglna nr. 18.1.4 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

# Trúnaðarbrestir óviðkomandi – Sundurliðun 1

| Áhrif: 4: mjög mikil; 3: mikil; 2: meðal; 1: lítil<br>Líkur: 4: Daglega; 3: Vikulega; 2: Mánaðarlega; 1: Sjaldnar | Nemenda-spjaldskrá | | Skólaferill | | Námsár-angur | | Greiningar | | Heilsufars-upplýsingar | | Sérkennsla | | Sérkennsla - fötlun | | Dagbókar-skráningar | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aðilar | Áhrif | Líkur | Áhrif | Líkur | Áhrif | Líkur | Áhrif | Líkur | Áhrif | Líkur | Áhrif | Líkur | Áhrif | Líkur | Áhrif | Líkur |
| Forsjármenn annarra barna | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðrir starfsmenn skólans | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Starfsmenn þjónustuaðila | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Starfsmenn sveitarfélags | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Starfsmenn opinberra stofnana, t.d. menntamálastofnunar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Fjölmiðlar | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 1 | 3 | 1 | 3 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 |
| Tölvuþrjótar | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 1 | 3 | 1 | 3 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 |
| Almennir vegfarendur | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 |
| Fjölskyldumeðlimir starfsmanns með leyfilegan aðgang, þegar unnið er heima, t.d. kennara | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 |
| Áhættugildi flokks upplýsinga | | | | | | | | | | | | | | | | |

# Trúnaðarbrestir óviðkomandi – Sundurliðun 2

| Áhrif: 4: mjög mikil; 3: mikil; 2: meðal; 1: lítil<br>Líkur: 4: Daglega; 3: Vikulega; 2: Mánaðarlega; 1: Sjaldnar | Dagbók umsjónarkennara, sérkennara og skólastjórnenda | |
|---|---|---|
| Aðilar | Áhrif | Líkur |
| Forsjármenn annarra barna | 2 | 1 |
| Aðrir starfsmenn skólans | 1 | 1 |
| Starfsmenn þjónustuaðila | 1 | 1 |
| Starfsmenn sveitarfélags | 1 | 1 |
| Starfsmenn opinberra stofnana, t.d. menntamálastofnunar | 1 | 1 |
| Fjölmiðlar | 2 | 1 |
| Tölvuþrjótar | 2 | 1 |
| Almennir vegfarendur | 2 | 1 |
| Fjölskyldumeðlimir aðila með leyfilegan aðgang, þegar unnið er heima | 2 | 1 |
| Áhættugildi flokks upplýsinga | | |

# Trúnaðarbrestir óviðkomandi - Ábendingar

- Skólinn telur að hluti upplýsinga nemendaskrár búi við meðaláhættu vegna utanaðkomandi aðila.
- Hafa skal í huga, að í flestum tilfellum fá utanaðkomandi aðilar aðgang að upplýsingum beint eða óbeint í gegn um aðila sem hefur heimild til að nálgast upplýsingarnar. Skólinn þarf að þeim sökum að brýna fyrir þeim sem aðgang hafa að upplýsingum nemendaskrár, að trúnaður ríkir almennt um slíkar upplýsingar og þeim skal eingöngu deilt með heimiluðum viðtakendum.
- Gæta skal að því, að þeir utanaðkomandi aðilar, sem hugsanlega fengju aðgang að slíkum upplýsingum, séu bundnir trúnaði um það sem þeir verða áskynja.
- Huga þarf að því að tryggja leynd rafrænna upplýsinga, t.d. með dulkóðun upplýsinganna, sem myndi draga úr áhrifum innbrota í upplýsingakerfi, og upplýsinga á pappír með því að geyma þær í traustum hirslum.

# Réttleiki – Sundurliðun síða 1

| Aðgangur: a: lesaðgangur; s: skráningar- og lesaðgangur<br>Áhrif: 4: mjög mikil; 3: mikil; 2: meðal; 1: lítil<br>Líkur: 4: Daglega; 3: Vikulega; 2: Mánaðarlega; 1: Sjaldnar | Nemendaspjaldskrá | | | Skólaferill | | | Námsárangur | | | Greiningar | | | Heilsufars-upplýsingar | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hlutverk | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur |
| Skrifstofa | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 | A | | | A | | |
| Stjórnendur | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 |
| Umsjónarkennarar | A | | | S | 1 | 1 | S | 2 | 1 | A | | | A | | |
| Kennarar | A | | | S | 1 | 1 | S | 2 | 1 | A | | | A | | |
| Verkefnastjóri stoðþjónustu | S | 2 | 1 | S | 1 | 1 | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 |
| Námsráðgjafi | A | | | A | | | A | | | A | | | A | | |
| Þroskaþjálfi | A | | | A | | | A | | | A | | | A | | |
| Foreldrar/forsjármenn | A | | | A | | | A | | | A | | | A | | |
| Nemendur | A | | | A | | | A | | | X | | | X | | |
| Skólahjúkrunarfræðingur | A | | | A | | | X | | | A | | | S | 2 | 1 |
| Skólasálfræðingur | A | | | A | | | A | | | A | | | A | | |
| Gallar í gagnavinnslubúnaði | X | 2 | 1 | X | 2 | 1 | X | 1 | 1 | X | 1 | 1 | X | 1 | 1 |
| Óleyfilegur aðgangur | X | 2 | 1 | X | 2 | 1 | X | 1 | 1 | X | 2 | 1 | X | 2 | 1 |
| Áhættugildi flokks upplýsinga | | | | | | | | | | | | | | | |

# Réttleiki – Sundurliðun síða 2

| Aðgangur: a: lesaðgangur;<br>s: skráningar- og lesaðgangur<br>Áhrif: 4: mjög mikil; 3: mikil;<br>2: meðal; 1: lítil<br>Líkur: 4: Daglega; 3: Vikulega;<br>2: Mánaðarlega; 1: Sjaldnar | Sérkennsla | | | Sérkennsla – fötlun | | | Dagbókar-skráningar | | | Dagbók umsjónarkennara, sérkennara og skólastjórnenda | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hlutverk** | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur | Aðg. | Áhrif | Líkur |
| **Skrifstofa** | A | | | S | 2 | 1 | A | | | S | 1 | 1 |
| **Stjórnendur** | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| **Umsjónarkennarar** | A | | | A | | | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| **Kennarar** | A | | | A | | | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| **Verkefnastjóri stoðþjónustu** | S | 2 | 1 | S | 2 | 1 | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| **Námsráðgjafi** | A | | | A | | | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| **Þroskaþjálfi** | A | | | A | | | S | 1 | 1 | S | 1 | 1 |
| **Foreldrar/forsjármenn** | A | | | X | | | A | | | X | | |
| **Nemendur** | A | | | X | | | A | | | X | | |
| **Skólahjúkrunarfræðingur** | A | | | X | | | A | | | X | | |
| **Skólasálfræðingur** | A | | | X | | | A | | | X | | |
| **Gallar í gagnavinnslubúnaði** | X | 1 | 1 | X | 1 | 1 | X | 1 | 1 | X | | |
| **Óleyfilegur aðgangur** | X | 2 | 1 | X | 2 | 1 | X | 1 | 1 | X | 2 | 1 |
| **Áhættugildi flokks upplýsinga** | | | | | | | | | | | | |

# Réttleiki - Ábendingar

- Skólinn metur áhættu litla af því að réttleika upplýsinga verði raskað af heimiluðum notendum upplýsinganna, vegna galla í hugbúnaði eða vegna óleyfilegs aðgangs.
- Af þessu má draga þá ályktun:
  - að þeir sem hafa skráningaraðgang sýni almennt vandvirkni og nákvæmni við skráningu upplýsinga;
  - að skólinn telji að hugbúnaður sem er notaður sé traustur og
  - að upplýsingar séu varðar fyrir óleyfilegum skráningaraðgangi.
- Ekki er því talin ástæða til að koma með sérstakar ábendingar, en vísað til Reglubókar, Handbókar fyrir starfsmenn um persónuvernd og upplýsingaöryggi og verklagsreglna nr. 18.1.4 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga um þær reglur sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga.

# Niðurstaða áhættumats – síðari hluti Spurningar – Aðgangur óviðkomandi

- Áhyggjur:  Óviðkomandi gæti: 1. Eyðilagt muni í eigu skólans og verkefni nemenda – afleiðingar litlar, líkur litlar; 2. Komist í trúnaðar- og vinnugögn – fjarlægt, dreift eða eytt – afleiðingar miklar, líkur litlar.
- Ábending:  Lagt er til að skjalfestar séu reglur um aðgang svæðum þar sem viðkvæm gögn eru geymd í hirslum og þær séu hafðar læstar milli þess sem notendur með heimild til aðgangs eru að nota gögn sem þar eru geymd.
- Ábending:  Brýnt sé fyrir starfsmönnum að ganga frá pappírsgögnum að loknum vinnudegi í lokaðar hirslur og teljist gögnin viðkvæm í læstar hirslur.  Slíkar hirslur skulu vera á svæðum þar sem aðgangur er takmarkaður við starfsmenn með heimild til aðgangs.  Einnig að ganga frá eftirlitslausum tölvubúnaði að hann sé læstur.
- Ábending:  Hafa skal innbrotavarnarkerfi í skólanum og virkja þau þegar svæði eru mannlaus utan skólatíma.

# Niðurstaða áhættumats – síðari hluti
# Spurningar – Réttleiki

- Áhyggjur: 1. Mistök/villur í skráningu trúnaðarupplýsinga – afleiðingar mjög miklar, líkur litlar; 2. Mistök/villur í skráningu námsárangurs í maí – afleiðingar mjög miklar, líkur litlar; 3. Trúnaðarupplýsingum sé breytt, þær fjarlægðar og/eða dreift – afleiðingar mjög miklar, líkur litlar.
- Ábending: Athuga hvort rétt sé að senda breytingar til samþykktar, þannig að breyting taki ekki gildi fyrr en, t.d., skólastjóri hafi staðfest breytinguna.
- Ábending: Athuga þarf hvort hægt sé að læsa færslum með aðgangsorðum eða PIN, þannig að þeir einir geti breytt þeim sem til þess hafa heimild.
- Ábending: Tryggja þarf að á hverjum tíma sé til nothæft afrit af gagnaskrám sem nota má til að endurheimta glötuð gögn. Afritin þarf að prófa reglulega til að tryggja að gögn á þeim séu endurheimtanleg.

# Niðurstaða áhættumats – síðari hluti Spurningar – Tiltækileiki

- Atriði:  1. Skólinn þarf ritara, stjórnendur, skjalaskápa og netsamband – afleiðingar ef þetta vantar mjög miklar, líkur litlar. 2. Starfsmenn myndu fyrst sakna tölvuaðgengis og kennslugagna – afleiðingar mjög miklar, líkur litlar; 3. Skólinn treystir á síma og netþjónustu – afleiðingar mjög miklar, líkur litlar.
- Ábending:  Eðlilegt er að skólinn hafi skjalfesta áætlun um viðbrögð við alvarlegu rofi á tengingu við ytri aðila.  Til staðar þarf að vera skilningur milli skólans og netþjónustuaðila, sem sér um netsamband inn í skólann, um mikilvægi tengingarinnar og hvernig þjónustuaðilinn mun bregðast við ef hún rofnar.
- Ábending:  Skólinn skal hafa þjónustusamninga við alla mikilvæga þjónustuveitendur.

# Niðurstaða áhættumats – síðari hluti Spurningar – Virkilega alvarleg atvik

- Atriði:  1. Alvarlegast er talið innbrot í nemendaskrá sem leiddi til þess að upplýsingum yrði eytt, dreift eða breytt – afleiðingar mjög miklar, líkur litlar; 2. Misnotkun á upplýsingum, s.s. eyðing, dreifing eða breytingar – afleiðingar mjög miklar, líkur litlar; 3. Verst væru öryggisbrestir sem leiddu til þess að nemendaskrá opnaðist og aðgangur væri óheftur – afleiðingar mjög miklar, líkur litlar.
- Ábending:  Tryggja þarf að viðkvæmar trúnaðarupplýsingar séu ekki geymdar á vefkerfi nemendaskrár nema aðgangur að þeim sé eingöngu veittur í gegn um sérnota notendaviðmót, sem aðeins notendur með heimild hafa aðgang að.  Huga þarf að því að notandi þurfi að slá inn sérstakt aðgangsorð/PIN til að geta nálgast viðkvæm gögn. Gögnin ætti síðan að geyma dulkóðuð í gagnagrunni vefkerfisins.
- Ábending:  Tryggja þarf að á hverjum tíma sé til nothæft afrit af gagnaskrám sem nota má til að endurheimta glötuð gögn.  Afritin þarf að prófa reglulega til að tryggja að gögn á þeim séu endurheimtanleg.

# Lokaorð

- Niðurstöður áhættumats Grunnskóla Snæfellsbæjar sýna að ýmis tækifæri eru til umbóta, þó í heildina sé staðan talin góð.  Átta atriði utan ásættanlegrar áhættu, en þarf af tvö með mikla áhættu.
- 36 atriði metin og skiptast áhættugildi þeirra sem hér segir:
  - 28 falla undir litla áhættu sem ekki þarf að bregðast frekar við,
  - 6 falla undir miðlungsáhættu sem þegar er tekið á í reglubók skólans með almennum öryggisreglum,
  - 2 falla undir mikla áhættu, sem bregðast þarf við með sértækum öryggisráðstöfunum,
  - Ekkert fellur undir mjög mikla áhættu og hefði krafist viðbragðsáætlana eða varaleiða.
- Þar sem um fyrsta áhættumat er að ræða, þá er eðlilegt að ýmislegt þurfi að skoða.  Settar hafa verið fram ábendingar um aðgerðir.  Það verður hins vegar alltaf skólans að meta hvort hann vilji hrinda ábendingum í framkvæmd.